

Nr. 124 / 10 Særún**Eldur um borð**

Skipaskr.nr. 2427
Smíðaður: Noregi 1978, ál
Stærð: 193 brl. 194 bt.
Mesta lengd: 28,15 m Skráð lengd: 25,92 m
Breidd: 9 m Dýpt: 2,48 m
Vél: MTU (2) 1.618 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 0



Særún©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. september 2010 var farþegabáturinn Særún við bryggju í Stykkishólmi.

Skipverji var að vinna við lagfæringu á segulloka fyrir hreyfinema á vatnsrennu á salerni. Hann hafði fjarlægt segulspólu af staut sem lokinn var inn í og farið með hann á verkstæði í landi án þess að rjúfa rafstrauminn af spólunni. Við þetta hefur segulspólan hitnað mikið og eldur kviknað í plasthlífinni utan um hana.

Þegar skipverjinn kom til baka eftir u.þ.b. 1,5 klst. var brunaviðvörunnarkerfi í gangi og reykur í skipinu en engan eld að sjá. Við skoðun voru augljós merki um lausan eld í hluta salernisins og þar voru hita- og sótskemmdir.

Við rannsókn kom fram:

- að settar höfðu verið á snyrtinguna þiljur úr eldtefjandi efni sem ljóst er að komu í veg fyrir að eldurinn náði að breiðast út. Allir veggir eru úr áli sem er heilsoðnir upp í þilfarið þannig að hvorki eldur né reykur náði að komast undir loftklæðningu.

Nefndarálit:

Orsök eldsins var að rafstraumur var á segulspólu vegna yfirsjónar skipverjans.